

Fundargerð 160. fundar fræðslunefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg

Fundardagur: Þriðjudagur 23. september 2025

Fundartími: Flóaskóli 16:30 – 17:30

Sameiginlegt 17:30 – 17:45

Krakkaborg 17:45 – 18:30

Fundarmenn:

Bjarni Stefánsson, formaður

Margrét Drífa Guðmundsdóttir, aðalmaður

Hjalti Guðmundsson, aðalmaður

Sveinn Orri Einarsson, varamaður

Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri Flóaskóla

Hafðís Gígja Björnsdóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla

Catharina Krentel, fulltrúi skólaráðs

Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar

Helga Rut Hallgrímsdóttir, fulltrúi foreldra Krakkaborgar.

Sævar Örn Sigurvinsson , aðalmaður boðaði forföll vegna veikinda.

Flóaskóli

Undir þessum lið sátu Bjarni, Margrét Drífa, Hjalti, Sveinn Orri, Þórunn, Hafdís Gígja og Catharina

1. Fréttir af skólastarfinu Hefðbundið skólastarf farið af stað, haustferðir tókust vel en reynt er að spara í ferðakostnaði, farið styttra og bætt skipulag. Fjölskyldudagur var haldinn og var sameinaður Flóamóti. Góð þáttaka var í Ólympíuhlaupi en það er samræmt hlaup sem ÍSí heldur utanum. Mönnun i kennslu er góð. Hafin er vinna við nýja skólanámsskrá þar sem komin er endurskoðuð aðalnámsskrá. Námsmat á að gefa samkvæmt nýrri skólanámsskrá í vor.
2. Yfirlit yfir starfsemi Flóaskóla 2024-2025. Þórunn fór yfir framlagða ársskýrslu. Góðar umræður um atriði í skýrslunni sem ýmist tókust vel og eins atriði sem verða endurskoðuð eða halda ekki áfram. Fræðslunefnd þakkar skýrsluna og gerir ekki athugasemd við hana.
3. Skólaakstur – yfirlit yfir framkvæmd 2025-2026. Yfirferð málsins frestað til næsta fundar. Fram kom að kvartanir hafa borist vegna eins skólabíls. Sveitarstjóri hefur gert athugasemdir við eiganda skólabílsins og er bíllinn í viðgerð sem stendur. Fræðslunefnd leggur áherslu á að skólabílar séu í lagi og að allar öryggiskröfur uppfylltar.
4. Trúnaðarmál. Fundargerð í trúnaðarmálabók.
5. Önnur mál. Engin önnur mál.

Sameiginlegt

Undir þessum lið sátu Bjarni, Margrét Drífa, Hjalti, Sveinn Orri, Þórunn, Hafdís Gígja, Catharina, Sara og Helga Rut

6. Starfsáætlun fræðslunefndar 2025-2026
7. Samstarfsáætlun Flóaskóla og Krakkaborgar. Skólastjórar kynntu samstarfsáætlunina og er hún í samræmi við starf fyrri ára. Almenn ánægja með samstarfið.
8. Önnur mál. Áhugi er á að halda sameiginleg námskeið fyrir starfsfólk beggja skólanna. Rætt um Grænfanaverkefnið og hvort skólarnir verði samstíga í umhverfisstarfi.

Krakkaborg

Undir þessum lið sátu Bjarni, Margrét Drífa, Hjalti, Sveinn Orri, Sara og Helga Rut

9. Fréttir af skólastarfinu. Skólastarf fer vel af stað, mönnun góð og nýjir nemendur að koma inn. Núna eru 35 nemendur í Krakkaborg. Búið er að ráða nýjan sérkennslustjóra. Uppskeruhátíð tókst vel. Starfsfólk sótti námskeið í skyndihjálp og fleiri námskeið fyrirhuguð.
10. Ársskýrsla Krakkaborgar 2024-2025. Farið yfir skýrsluna. Fræðslunefnd þakkar skýrsluna og gerir ekki athugasemdir.

11. Starfsáætlun Krakkaborgar 2025-2026. Farið yfir starfsáætlun vetrarins. Fræðslunefnd staðfestir starfsáætlun 2025-2026
12. Önnur mál. Rætt um kostnað við mötuneyti. Skólastjóri fer yfir kostnaðarþróun mötuneytis og möguleika til hagræðingar. Umræður spunnust um launalaus leyfi starfsfólks. Fræðslunefnd beinir því til sveitarstjórnar að settar verði reglur um það hvernig fara eigi með óskir starfsfólks skólanna um launalaus leyfi.